



UMSÖGN

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Tillaga Fulltrúa flokks fólksins um Betri Reykjavík og Hverfið mitt

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 28. apríl 2022, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 2. lið fundargerðar s.d:

Tillaga um að verkefni eins og Betri Reykjavík og Hverfið mitt bjóði upp á ábendingar/kosningar um viðhald í hverfum. Eins og fulltrúi Flokks fólksins hefur áður bókað er verkefnið Betri Reykjavík og Hverfið mitt góð verkefni. En það er eins með það og annað að margt má betur fara. Tillaga er nú lögð fram að Betri Reykjavík og Hverfið mitt rúmi einnig ábendingar um viðhald á ýmsu í hverfum en ekki aðeins tillögur um nýjungar. Þegar verkefni eins og Betri Reykjavík er svona dýrt eins, þarf að vanda sig. Margir senda inn ábendingar um viðhald en svo virðist sem sumum sé hafnað og bent á annað ferli en einstaka viðhaldsverkefni komast engu að síður í hóp verkefna sem kosið er um.

Meðfylgjandi greinagerð fylgdi tillögunni:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst verkefnið Hverfið mitt gott mál enda leið til að ljá röddum borgarbúa eyra og virða óskir þeirra eins og unnt er. Fram kemur að kosningabátttaka var síðast þó ekki meiri en 16,4% kosningabærra íbúa. Fulltrúi Flokks fólksins fór á stúfana og ræddi við nokkra borgarbúa um þetta verkefni. Fólk hefur mismunandi reynslu eins og gefur að skilja. Flestum finnst þetta sniðugt verkefni en raddir voru einnig á lofti um að hér væri á ferðinni hálfgerð montverkefni meirihlutans. Tillögur um skemmtileg verkefni eins og ærslabelginn og rennibrautir eru gjarnan samþykktar en tilvik eru um að tillögum um lagfæringar og viðhald sé hafnað og vísað í annan farveg. Dæmi um slíka reynslusögu borgarbúa er að viðkomandi sendi inn tillögu um að laga körfuboltavöll sem ekki hefur verið notaður árum saman vegna þess að hellulögn er ónýtt og hættuleg. Tillögunni var hafnað þátttöku í Hverfið mitt 2020-2021 því hún snerist um viðhalds- eða öryggisverkefni og bent á að annar farvegur væri fyrir slíkt. Viðkomandi sendi því ábendinguna inn á þar til gerðri vefsíðu en hefur ekki fengið nein viðbrögð. Engu að síður á að endurbæta körfuboltavöll við Laugarnesskóla. Hvernig á að skilja þetta?

Tillögunni var vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu með bréfi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu þann 5. maí 2022.

Umsögn:

Fyrir Hverfið mitt 2020-2021 var ákveðið að ráðast í breytingar á framkvæmd verkefnisins sem voru í samræmi við tillögur í skýrslunni *Greining og tillögur um framtíðarskipan stafrænna samráðs- og lýðræðisverkefna Reykjavíkurborgar (2019)* frá ráðgjafarfyrtækinu Kolibri. Meðal helstu breytinga sem gerðar voru á verkefninu Hverfið mitt, er að viðhalds- og öryggisverkefni eru ekki lengur hluti af verkefninu heldur er þeim komið áfram sem ábendingum til viðkomandi sviða innan borgar. Í umræddri skýrslu kemur fram að reglulega bærust ábendingar og athugasemdir frá borgarbúum sem snúa að viðhalds- og öryggisverkefnum þar sem spurt var



hvers vegna verið væri að kjósa um þessi verkefni og af hverju borgarbúar þurfi að fara þessa leið til að óska eftir eðlilegu viðhaldi í borgarlandinu. Mikil óánægja getur bæði myndast við að þurfa að kjósa um verkefni sem borgarbúum finnast eiga að vera sjálfsagður hlutur og svo ef þessar hugmyndir hljóta ekki kosningu.

Í Hverfið mitt 2020-2021 voru sendar inn nokkrar hugmyndir sem flokkuðust sem viðhalds- og/eða öryggisverkefni. Reynt var eftir bestu getu að hafa samræmi í yfirferð hugmynda svo skýrt væri hvað flokkast sem eðlilegt viðhald og annað sem mætti skilgreina sem nýjungar og endurbætur, t.a.m. á leiksvæðum og/eða íþróttavöllum. Verkefnið er ávallt í þróun og reynt eftir fremsta magni að bæta verkefni út frá reynslu og ábendingum fyrri ára.

Virðingarfyllst,
Eiríkur Búi Halldórsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa